

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 05. nóvember 2014

**Efni:** Athugasemdir vegna tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141.

Ég gagnrýni harðlega þær þröngu forsendur sem verkefnistjórn var falið að meta nýtingarkosti eftir. Þegar jafn mikilvægt mál er til meðferðar, líkt og að færa Þjórsá við Núp úr biðflokki í orkunýtingarflokk, tel ég beinlínis skaðlegt að takmarka athugasemdir og svör við þeim við fyrirframgefin umræðuefni. Það er ekkert einróma álit að áhrif á laxgengd séu einu rökin fyrir því að hafa viðkomandi nýtingarkost í biðflokki, s.br. athugasemdir sem snúa að öðrum þáttum og eins voru atriði sem aldrei fengu neitt mat í ferlinu, svo sem samfélagsleg áhrif. Þau þekki ég vel sem Gnúpverji og veit að bæði umræðan og framganga framkvæmdaraðila vegna virkjana í neðrihluta Þjórsár, hefur klofið samfélagið og jafnvel fjölskyldur.

Ég stend því við fyrri athugasemdir mínar frá því í vor og ítreka þá afstöðu mína að „Hvammsvirkjun“ skuli vera í biðflokki.

Anna Sigríður Valdimarsdóttir

kt. 031081-5999

Stóra-Núpi